

Það má enginn skilja ummæli míni þessi svo að eg sé orðin vesturfarapostuli. Eg segi að eins frá hlutum og mönnum eins og mér hefir komið þetta hvorutveggja fyrir augu. Um hitt verður hver og einn að vera sjálftáður.

Blaine, 21. April 1906.

Magnús J. Skaptason.

Henrik Ibsen.

Miðvikudaginn 23. Maí, barst sú frétt frá og aftur með hraðskeytum um öll hin síðuðu lönd, að heimsfræga skáldið norska Henrik Ibsen væri dáinn. Hann hafði láttist þann sama dag að heimili sínu í Kristjania kl. 2.30 e. h. Hann var lengi búin að vera heilsulítill og var því búist við dauða hans áður en langir tímar liðu. Hann var rúmt 78 ára að aldri.

Við dauða hans hefir fallið frá einhver hinn einkennilegasti og áhrifamesti maður, er Norðurlönd hafa nokkru sinni átt. Það er ekki ýkt, að Noregur vegna þessa mikilfenglega manns, er ekki hefir átt sinn líka um margar aldir, verður talin eitt af stórveldum norðurálfunnar í síðmenningarsögu síðustu aldar. Engin hefir haft eins mikil áhrif á skáldskaparstefnu seinnihluta 19. aldarinnar og hann.

Æfiatriði hans og mynd af skáldinu kemur í næsta blaði.



„Til trúarstyrkingar.“

Margir kannast óefnað við vísu séra Jóns sáluga Þorláks-sonar.

„Estersbók nefnir aldrei guð
en þótt í ritning standi“,
og hefir þetta verið orsókin til þess, að ýmsir hafa viljað út